



UPPLÝSINGAR UM TILLÖGU AÐ STARFSLEYFI FYRIR CARBON RECYCLING INTERNATIONAL EHF.

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir Carbon Recycling International ehf. (CRI) en fyrirtækið hyggst starfrækja í tilraunaskyni verksmiðju til að vinna metanól úr kolefnistvíldi með því að nota vetni sem er fengið með rafgreiningu á vatni. Staðsetning verksmiðjunnar mun verða á lóð orkuvers Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Í tilkynningu fyrirtækisins vegna ákvörðunar um matsskyldu kom fram að tilrauninni sé ætlað að færa sönnur á hagkvæmni þeirrar tækni sem nota á við vinnsluna.

Við samningu tillögunnar hafa kröfur verið miðaðar við að um nýja verksmiðju er að ræða og því gert ráð fyrir því að öll tækni sé í samræmi við það. Jafnframt er miðað við að lýsingar rekstraraðila á fyrirkomulagi umhverfismála við ákvörðun Skipulagsstofnunar á matsskyldu vegna mats á umhverfisáhrifum séu skuldbindandi af hans hálfu. Tillagan skiptist í 6 kafla sem hér er gerð stutt grein fyrir:

Í 1. kafla eru almenn ákvæði um framleiðsluheimildir, notkun á bestu fánlegu tækni, rekstrarstöðvanir, endurskoðunarákvæði, valdsvið og þvingunarúrræði og um upplýsingarétt almennings.

Í 2. kafla eru settar fram helstu kröfur um umhverfisráðstafanir og losunarmörk. Settar eru fram kröfur um geymslu metanóls í vökvaheldum þróum, sett eru mörk um hámarks magn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) í útblæstri sem eru þau sömu og sett eru í reglugerð nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva. Kröfur eru um að nýting á vatni sé eins góð og kostur er og fráveitu- og skólpreglugerðir séu uppfylltar. Þá eru kröfur um lagnir og olíuskiljur.

Í umsókn CRI kemur fram að óvissa ríkir um styrks alkóhóls í frárennslisvatni frá botni eimingarsúlu. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að fyrsta ár verksmiðjunnar verði þróuð aðferð til að hreinsa frárennilið af alkóhóli en umsækjandi telur að styrkurinn verði líklega á bilinu 0,5-2,0 %. Settur er eins árs frestur til að ljúka við uppsetningu búnaðarins og telur Umhverfisstofnun að það sé ekki það langur tími að líkur séu á að lífríkið muni aðlagast menguninni og raskast til lengri tíma litið. Í þessu sambandi er helst horft til tveggja leiða :

- a. Endurvinnsla til nota í framleiðsluferli verksmiðjunnar.
- b. Eyðingu lífrænna efna með oxun.

Leið a. gæti orðið fyrir valinu ef styrkur alkóhóls verður mikill í frárennslisvatni en leið b. ef styrkurinn verður lægri þannig að endurvinnsla borgi sig ekki fjárhagslega, eins og kemur fram í umsókninni. Um þetta er þó ekki hægt að fullyrða að svo stöddu. Einn tilgangurinn með tilrauninni er að skera úr um það hvaða leið skuli fara við þessa hreinsun. Þegar henni er lokið munu liggja fyrir fyrir upplýsingar um viðeigandi mengunarvarnir frárennslisins sem geta komið að gagni ef framhald verður á uppsetningu verksmiðja af þessu tagi.

Loks eru almennar og sértækar kröfur um úrgangs, þar á meðal um endurnýtingu á notuðum hvötum, auk krafna um hávaða, titring o.fl.

Í 3. kafla eru mæli-, mats-, og skráningarkröfur sem í aðalatriðum eru leiddar af kröfum í 2.kafla og þeim mælingum og úttektum sem rekstraraðila ber að inna af hendi í samræmi við lög og reglugerðir. Til að tryggja vöktun hreinsibúnaðar er lagt til að rekstraraðili komi upp vöktunarkerfi sem fylgist með hreinsibúnaði verksmiðjunnar og kröfur eru um reglulega ástandsskoðun og rekstrarhandbók.



Í 4. kafla er umfjöllun um fyrirkomulag eftirlits, starfshætti, tryggingar og umhverfismarkmið. Einnig er þar ákvæði um þjálfun starfsmanna.

Loks er fjallað um gjaldskyldu og gildistíma starfsleyfisins í 5. og 6. kafla starfsleyfisins.

